



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Skólaráðsfundur 20. nóvember 2017

Fundurinn fer fram í Gamla skólans við Suðurgötu hefst kl. 16:00

Mætt: Gunnar, Jóna Mist, Svandís, Ólafía, Sonja, og Baddý.

1. Fulltrúi grenndarsamfélags og foreldra í leikskóladeild í skólaráði

- Fulltrúi grenndarsamfélagsins er Sonja Del Carmen Stefánsson mætir á fundinn
- Fulltrúi foreldra á leikskóladeild Oddný Björk Daníelsdóttir

Skólastjóri býður nýja meðlimi skólaráðs velkomna og minnir á hlutverk þeirra að boða varamenn í sinn stað og láta vita ef þeir geta ekki mætt á fund. Á heimasíðu er að finna starfsáætlun skólaráðs og handbók sem skýrir hlutverk.

2. Fundargerð frá síðasta fundi

- Lestri fundargerðar frá 1.fundi frestað þar sem hún hefur ekki borist

3. Heilsueflandi skóli

Farið var yfir hlutverk skólaráðs í heilsueflandi stefnu skólans og punktar úr stefnunni ræddir með tilliti til hvað vel er gert og hvar skólinn kreppir. Rætt um gátlista á heilsueflandi.is Útinám og útivera. Almenn ánægja á leikskóladeild með magn útiveru. Elstu nemendur þar eru í fjölbreyttu útinámi ásamt frjálsum leik en á yngri deildum miðast útiveran við frjálstan leik. Fulltrúar nemenda í grunnskóladeild telja nokkuð mikla útiveru vera í frímínútum. Rætt er um að það væri til bóta að hafa körfuboltakörfu. Unglingastigið nýtir ekki útikennslustofuna mikið en þau hefðu mikinn áhuga á að gera það, þá mætti laga skjólið og þakið að mati fundarmanna. Sameiginlegir dagar í Seyðisfjarðarskóla eru hreyfidagur/hreyfivika og ósk frá fundarmönnum er að skíðadagur verði sameiginlegur.

Matseðlar og mótuneyti. Eindreigin ósk allra fundarmanna er að framboð á ósoðnu, fersku grænmeti aukist í mótuneyti. Að mati fundarins eru margir kjötréttir í boði og framboð á grænmeti er of lítið á báðum deildum. Spurning er hvort að það megi vera afgangar í boði þegar boðið er upp á heitt slátur? Eindreigin ósk er frá fulltrúum nemenda og leikskóla að aðkoma þeirra að gerð matseðla sé meiri en nú er. Vilja kanna hvort að möguleiki sé á að leikskóladeild geti keypt grænmeti og starfsmaður í mótuneyti þar geti skorið ferskt grænmeti niður fyrir leikskólabörnin. Fundurinn lýsir eindregnum vilja til að framboð á fersku grænmeti aukist og sé borið fram sem grænmetisbar líkt og víða tíðkast í skólum.

Forvarnir. Samkvæmt gátlista heilsueflandi skóla þyrfti Seyðisfjarðarskóli að gera betur í forvarnarmálum varðandi áfengi og vímuefnaneyslu. Forvarnaráætlun er ekki til og úr því þarf að bæta. Í vetur verður boðið upp á fræðslu fyrir nemendur, kennara og foreldra um rafrettur og afleiðingar slíkra reykinga en einnig þyrfti að fara fram fræðsla um tóbak, áfengi og vímuefni.

Rætt er um aðrar áætlanir sem skortir: Spurning um hvort að gera þyrfti lífsleikni áætlun, efla Olweusarstarfið á unglingsstigi og í leikskólanum gera þarf jafnréttisáætlun sem tekur á kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi.

Rætt um Seyðisfjörð sem fjölmenningslegt samfélag og ýmsar leiðir til að fagna þeim fjölbreytileika.

Farið yfir atriði úr nemendakönnun Skólafélagsins en komið er í ljós að huga þarf sérstaklega að úrbótum á viðhorfum til kvenna/stúlkna, meðal nemenda í skólanum (jafnvel samfélaginu), og skoða þraf sérstaklega hvernig styrkja má stúlkurnar en eins má laga orðfæri nemenda almennt og bæta almenna kurteisi og virðingu.

4. Skólaþing

Skýrsla hefur ekki borist og því var þessum lið frestað en ætlunin er að taka fyrir punkta úr skýrslunni til að innleiða í skólastarfið.

Fundi slitið 17:15

Fundargerð ritar Svandís